

Reglugjörð

10
28. jan.

um mælingar á túnnum og matjurtagörðum samkvæmt lögum nr. 58, 3. nóvember 1915.

1. gr.

Tún öll og matjurtagarðar á landinu, utan kaupstaða, skal mæla á næstu árum, og skal mælingunum lokið árið 1920. Sýslunefndir skulu hafa umsjón og eftirlit með mælingunum. Undanþegin nýjum mælingum eru tún þau og matjurtagarðar, sem mæld hafa verið síðustu 5 árin, svo að ábyggilegt sje, en gjörðir skulu ummálsdrættir af þeim, svo sem segir í 3. gr.

2. gr.

Stjórnarráðið útnefnir hæfilega marga menn til mælinganna, en sýslunefndir í samráði við búnaðarsamböndin gjöra tillögur um þá. Stjórnarráðið getur í samráði við sýslunefndir falið búnaðarsamböndum framkvæmd mælinganna, ef svo um semst, en hlíta verða samböndin fyrirmælum stjórnarráðsins um alla framkvæmd þeirra.

3. gr.

Túnin skulu mæld að flatarmáli og stærð þeirra tilgreind í teigum (hektörum) með einum desimal. Um leið og þau eru mæld, skal gjöra ummálsdrátt af þeim, með mælikvarðanum 1 : 2000. Stjórnarráðið ákveður, á hvernig pappír ummálsdrættirnir skulu gjörðir, og útvegar hann.

Rita skal á blaðið, sem ummálsdrátturinn er gjörður á, stærð túna í teigum og stærð matjurtagarða í flatarstikum (fermetrum).

4. gr.

Tún telst það land, sem borið er á og árlega slegið. Ef tún hefir nýlega verið fært út, og útgræðslan ekki komin í rækt, skal þess getið sjerstaklega, og sýnt á ummálsdrættinum stærð og lögun útgræðslunnar. Náttþaga skal mæla með túninu ef hann er áfastur við það, og eins þó að hann sje annarsstaðar, ef hann er girtur sauheldri girðingu, taddur og árlega sleginn. Ummálsdráttur af náttþaga skal hafður á sama blaði sem túnið, ef rúm leyfir.

Sáðlönd, sem á að gjöra að túni, en sáð er í til bráðabirgða höfrum eða öðru, skulu talin með túnnum. Ef óræktaðir blettir, svo sem mýrarsund eða móar, sem nema fjórðungi teigs eða meiru, eru innan túns og innan ummálsdráttar, skal draga stærð þess lands frá túnstærðinni og sýna legu þess á ummálsdrættinum,

10

28. jan.

5. gr.

Matjurtagarðar teljast reitir þeir, sem í daglegu máli eru kallaðir kál-garðar og sáð er í til kartafna, rófna eða annara matjurta.

6. gr.

Við mælingarnar skal nota keðju eða mæliband og hornspegil eða kross-töflu, eftir því sem þarf, og ennfremur mælistengur, en í þeirra stað má nota allskonar sköft. Túnið með húsastæðum og öðru, sem innantúns er, má mæla alt í einu, ef það þykir hagkvæmara eða fljótlegra, og mæla svo sjer á eftir og draga frá matjurtagarða, bæjarstæði og önnur húsastæði og vegi, sem innan túns eru.

7. gr.

Á ummálsdrættinum skal sýna með punktalínum hvað af túninu er girt. Einnig skal þess getið, hve mikill hluti túnsins er sljettur, eftir því sem sjeð verður í fljótu bragði, án nákvæmrar mælingar. Ennfremur skal sýnt, hvar bær-inn er og önnur hús og vegir innan túns.

8. gr.

Af ummálsdrætti hvers býlis skal gjöra tvö eintök, annað handa stjórnar-ráðinu en hitt handa jarðeiganda. Skulu þau afhent oddvita sýslunefndar, þá er lokið er mælingunum í sýslunni það ár.

Í stjórnarráði Íslands, 28. janúar 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.